

Eystrahorn

2. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 14. janúar 2021

www.eystrahorn.is

Þrettándagleði Menningarmiðstöðvarinnar

Aðventan reyndist heldur óhefðbundin og samkomur bæði fámennar og sjaldgæfar á árinu sem var að liða en þessar takmarkanir fólu einnig í sér lærdóm um hvernig má vera saman og gera skemmtilegt án þess að hittast. Menningarmiðstöðin blés til Þrettándagleði í bókasafninu og streymdi á netinu þar sem hátíðarnar voru kvaddar með svolitilli viðhöfn.

Dregnir voru út þrjú vinningshafar sem sent höfðu inn réttar lausnir í ratleiknum en það voru Áskell Vigfússon, Friðrik Jarl Bragason og Kristjón E. Elvarsson. Ánægjulegt var að sjá hversu margir tóku þátt í ratleiknum og hversu fallega listaverkin settu svip sinn á bæinn.

Menningarmiðstöðin vill nota tækifærið og þakka aftur Selmu Ýr Ívársdóttur, Daníel Snæ Garðarssyni og Sögu Skrýmsdóttur fyrir þeirra óeigingjarna framlag til samfélagsins og að gleðja okkur öll með verkum sínum í svartasta skammdeginu.

Á Þrettándagleðinni heiðraði Kvinnakór Hornafjarðar gesti með þrótnmiklum söng undir stjórn Heiðars Sigurðssonar. Þá komu feðginin Amylee og Luiz da Silva og fluttu portúgalskt lag og ljóð. Öllum að óvörum kíkta Kertasníkir við á leið sinni til fjalla og fór með gamanmál, stýrði samsöng og aðstoðaði við útdráttinn. Menningarmiðstöðin þakkar öllum sínum góðu gestum og áhorfendum fyrir fjórlega samveru!



Kvinnakór Hornafjarðar ásamt Kertasníki. Myndir: Tim Junge



Friðrik(t.v) og Áskell(t.h) með verðlaunin sín



Amylee og Luiz da Silva tóku lagið



Auður starfsmaður Menningarmiðstöðvar afhendir Kristjóni verðlaun

Verð í Sporthöllinni með
fótaaðgerðir dagana
27. janúar til 2. febrúar.

Kem svo aftur 25. mars til 31.
mars. Tímappantanið í s: 896-7685

Anna Vilborg Sölmundardóttir
Löggildur fótaaðgerðafræðingur



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126



Pakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdafaður og afa,

Gísla Eysteins Aðalsteinssonar

Jarðarför hans fór fram frá Hafnarkirkju þriðjudaginn 5. janúar.

*Jónína Aðalsteinsdóttir,
börn og fjölskyldur þeirra.*



Andlát

Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

Ingvar Már Guðjónsson

andaðist 25. desember 2020.

Útförin fer fram frá Bjarnaneskirkju kl. 14:00 þann 16. janúar 2021.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða einungis nánustu ættingjar viðstaddir.

Streymt verður frá athöfninni í facebookhópnum "Ingvar Már Guðjónsson minningar síða"



Ásta Björk Arnardóttir.

Guðjón Benediktsson, Beata Dudkowska Zimnicka.

Finnur Snær Guðjónsson, Tara María Hertervig.

Gerður Arna Guðjónsdóttir.

Kolbeinn Benedikt Guðjónsson.

Ingigerður Guðmunds, Ingvar Snæbjörnsson.

Örn Sveinbjörnsson, Sigríður Anna Kristinsdóttir.

Kolbrún Benediktsdóttir.

Jón Benediktsson, Anna María Ragnarsdóttir.

Steinunn Benediktsdóttir, Magnús Friðfinnsson.

Guðmundur Ingvarsson, Sigríður Anna Ísleifsdóttir.

Snæbjörn Ingvarsson.

Eva Lind Ingvarsdóttir.

Vignir Örn Arnarson, Hrafnhildur Kristjánsdóttir.

Samúel Karl Arnarson, Rut Gunnarsdóttir.

Díana Ósk Arnardóttir.

Og aðrir aðstandendur.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Opnun ráðhúss

Afgreiðsla í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar opnar frá og með **miðvikudeginum 13. janúar** þegar nýjar sóttvarnareglur taka gildi. Íbúar sem vilja hitta starfsmenn ráðhússins þurfa að bóka tíma í síma 470 8000 eða með því að senda póst á afgreiðsla@hornafjordur.is.

Grímuskylða er ef ekki er hægt að tryggja tveggja metra fjarlægðarmörk. Hvetjum alla til að halda áfram að sinna persónubundnum sóttvörnum til að tryggja áfram þann góða árangur sem hefur náðst í smitvörnum.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Hefst klukkan 19.00
17. janúar
Enginn aðgangseyrir

SUNDLAUGARPARTÍ MMH 2021



Dj. Flugvél og Geimskip

sér um tónlistarfjör
Þorsteinn Sturbergsson
lýsir

Einnig leika
Submínimal
og
gímalón

Þáburður Þessi er styrktari FASK



Aðalfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (FASK)

Aðalfundur FASK verður haldinn mánudaginn 25. janúar 2021 kl. 20.00, fundurinn er haldinn rafrænt á Teams. Fundurinn er opinn öllum íbúum á félagssvæði FASK. Atkvæðisrétt á aðalfundi eiga allir skuldlausir skráðir félagar eða fulltrúar þeirra.

Allir sem áhuga hafa á að sækja aðalfund FASK eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið faskstjorn@gmail.com og fá þannig senda slóð á fundinn með tölvupósti, einnig er hægt að slá inn eftirfarandi vef slóð:

<https://meet.google.com/pib-wqek-sec>

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá
2. Ákvörðun um árgjald
3. Ársreikningur
4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.
5. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda
6. Önnur mál.

A.m.k viku fyrir aðalfund verður skýrsla stjórnar ásamt tillögum stjórnar um gjaldskrárbreytingu gerð aðgengileg á heimasíðu FASK <https://ferdaskaft.is/frettir/>. Hafi aðilar spurningar fyrir fundinn eru þeir vinsamlega beðnir um að senda fyrirspurnir inn til stjórnar viku fyrir aðalfund, hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið faskstjorn@gmail.com.

*Fh stjórnar FASK
Haukur Ingi Einarsson*



Eymundur Jónsson og Halldóra Stefánsdóttir í Dilksnesi

Hjónin Eymundur Jónsson og Halldóra Stefánsdóttir bjuggu nær alla sína ævi á Hornafirði og voru oftast kennd við Dilksnes. Eymundur fæddist að Hofi í Öraefum árið 1840 og lést á Höfn 1927. Halldóra var fædd í Árnanesi í Nesjum árið 1844 og lést í Dilksnesi 1935. Þau hófu búskap í Dilksnesi vorið 1870, eignuðust 16 börn og tóku þátt í margvíslegum verkefnum í sveitinni. Afkomendur þeirra eru fjölmargir, meðal annars hér eystra.

Eymundur lærði járnsmíði í Kaupmannahöfn og smíðaði sína eigin smíðju eftir heimkomuna. Smíðjan er ennþá til og er með merkari menningarminjum í héraðinu. Margir leituðu til Eymundar um smíði og lagfæringar á munum og áhöldum og sjálfur gerði hann sín eigin smíðaáhöld.

Af fjölmörgum öðrum störfum Eymundar má nefna að hann stundaði nokkuð lækningar áður en Austur-Skaftfellingar eignuðust sinn fyrsta héraðslækni, 1886. Þá veitti Eymundur konum fæðingaráhjálp og aðstoðaði yfirsetukonur (ljósmæður) þegar á þurfti að halda. Þekkt er sagan af því þegar hann smíðaði fæðingartangir til þess að geta bjargað lífi barns og móður.

Eymundur var formaður á bátum og hafnsögumaður í áraradír. Hann er talinn eiga mikinn þátt í því að siglingar hófust fyrir alvöru um Hornafjarðarós. Björn Eymundsson, sonur þeirra hjóna, tók síðar við hafnsögustarfinu. Björn lóðs, hafnsögubátur Hornfirðinga, heitir eftir honum.

Halldóra var dóttir Stefáns Eiríkssonar alþingismanns og Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður í Árnanesi. Þau Eymundur áttu því ólíkan bakgrunn en foreldrar hans voru fátæk vinnuhjú, Sigríður Jónsdóttir og Jón Höskuldsson Landeyingur. Halldóra þótti einhver mesti kvenkostur héraðsins á sinni tíð. Því kom það mörgum á óvart er þau Eymundur fóru að draga sig saman og ekki var laust við að Stefáni alþingismanni þætti dóttir sín taka niður fyrir sig með því að falla fyrir Eymundi. En Stefán samþykkti loks ráðahaginn þegar honum varð ljóst hve ákveðin dóttirin var. Með því skilyrði þó að Eymundur færi til Danmerkur að læra smíðar. Stefán þekkti líka vel til Eymundar og vissi að hann var bæði greindur og góður verkmaður.

Halldóra var gestrisin og rausnarleg húsmóðir, stóð af myndarskap fyrir heimilinu í Dilksnesi og ól börn sín upp af festu og dugnaði. Hún studdi bónda sinn í því sem

hann tók sér fyrir hendur og hann er líka sagður hafa borið hana á höndum sér alla þeirra sambúð, rúmlega 60 ár. Orti Eymundur meðal annars mörg ástarljóð til konu sinnar. Árið 1902 fluttu Dilksnesihjónin til Kanada ásamt fimm sonum. Um þetta leyti fóru tugir einstaklinga úr Nesjum og víðar úr sýslunni vestur um haf í leit að betra lífsviðurværi. Eymundur og Halldóra eignuðust jarðarskika þar, byggðu sér hús og komu upp svölitlum bústofni. Nú var á ný þörf fyrir lækniástoð Eymundar og ýmis önnur störf tók hann að sér í landnemabygginginni. Af ýmsum ástæðum ákváðu þau svo að snúa heim aftur fimm árum síðar, 1907, og bjuggu á Hornafirði til æviloka í skjóli barna sinna. Tveir sonanna urðu þó eftir í Kanada og sá þriðji hafði látist þar.

Árið 1910 tók Eymundur þátt í byggingu brúar yfir Laxá í Nesjum, fyrstu alvöru brúar í sýslunni. Hann sýndi þar ótrúlega hugkvæmni og þrautseigju í járnsmíðinni, þá á sjötugasta aldursári. Ári síðar var byggð ný kirkja við Laxá og lagði Eymundur einnig þar hönd á plóg.

Í tilefni af 50 ára brúðkaupsafmæli Halldóru og Eymundar 1916 færðu sveitungar þeirra þeim þakkarskjal fyrir óeigingjarnt starf að líknar- og framfaramálum í héraðinu um áratuga skeið.

Nú er unnið að því að safna efni og skrásetja frásagnir af hjónunum í Dilksnesi. Verkefnið er á vegum Þórbergssæturs með aðkomu fleiri aðila og aðstoð afkomenda. Vonast er til þess að saga hjónanna í Dilksnesi geti varpað nýju ljósi á ýmsa þætti í sögu héraðsins.

Eymundur var afkastamikill hagyrðingur. Eftir hann liggja, í fórum afkomenda og víðar, fjöldi ljóða. Hér birtist hluti af einu þeirra, ljóðið um Hvanney, sem Eymundur orti fyrir rúmri öld og birtist í sveitarblaðinu Vísi í Nesjum í janúar 1912. Í því má greina mikla lotningu sem skáldið bar fyrir náttúruöflunum en einnig frelsisþrá sem hann hélt alla tíð á lofti fyrir hönd þjóðarinnar; hún yrði að losna að fullu undan erlendum yfirráðum.

Þeir sem lesa þetta og kunna að hafa vitneskju um smíðamuni Eymundar, frásagnir hans eða sögur af þeim Halldóru, eru hvattir til þess að hafa samband við Þórbergssætur eða undirritaðan.

Í janúar 2021,
Gísli Sverrir Árnason



Eymundur Jónsson og Halldóra Stefánsdóttir í Dilksnesi. Ljósmynd tekin af Nicoline Weywadt, varðveitt á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Hvanney

Þú stendur í brimróti öld eftir öld
og óttast ei háreista voða,
þótt Ægir þig löðrungi kvöld eftir kvöld
kallarðu alls engan voða.

Við stórvaxna ósinn með straumþunga farg
stendurðu róleg á svipinn
þú óttalaust brýtur þann volduga varg
sem vélar og karmólvar skipin.

Þig borar og sagar in harðeflda hrönn
og hafisinn veldur þér sárurum
og straumtungu óssins, sú slítandi tönn
þig sleikir og nagar með árum.

Þótt boðarnir æði og brimöldu köst
byltist þér sífellt á móti
allt um það stendurðu stöðug og föst
í straumnum og haföldu róti.

Blómskraut er horfið og hvönn er ei nein
há þér á nútíðardögum,
þú stendur þú nú með bernöguð bein
af brimróts og hriðveðra slögum.

Þú stríðir við ósjó og straumþunga magn
og stendur þó róleg og fögur
og hjá okkur vinnur þú hvívetna gagn
þótt hermi það alls engar sögur.

Þú gefur oss dæmi að hræðast ei hót
og hoga ekki þverfót úr sporum.
Þótt stærilát varmenni stríði oss mót
og stjórnröfum sinni ei vorum.

Þótt stórmenni leggi oss steina á braut
og stríði okkur háir sem lágir,
með þolgæði sigrum vér sérhverja þraut
þótt séum við fáir og smáir.

Ef eining ei brestur og andinn er frjáls
og orkunnar neytum sem bræður
þeir geta ei snúið oss snöru um háls
staðfesta sigrinum ræður.

Eymundur Jónsson

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Sunnudaginn 17. janúar verður gönguferð um Papós í Lóni. Lagt verður af stað frá þjónustumiðstöð tjaldsvæðis á Höfn kl.10:00, vegna samkomutakmarkana til að hefta útbreiðslu covid-19 er ekki mælt með því að fólk sameinist í bíla nema það tilheyrir sama sóttvarnahólfi. Við öikum að staðnum þar sem verslunin stóð forðum og síðan stefnum við að því að ganga að útfalli óssins. Allir eru velkomnir í ferðir félagsins: þátttökugjald er 1000 kr. á hvern fullorðinn, 1500 kr. fyrir hjón og frítt fyrir börn að 18 ára aldri. Sé hundur með í för skal taumur vera til taks.





Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

2021

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
➔	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

➔ Hreinsivika 19.-23. apríl

- Græna tunnan þéttbýli Höfn/Nes
- Gráa tunnan þéttbýli Höfn/Nes
- Brúna tunnan þéttbýli Höfn/Nes

- Gráa tunnan dreifbýli
- Græna tunnan dreifbýli
- Spilliefnavika dreifbýli
- Rúlluplast